



## GÖNGUM SAMAN TIL GÓÐS

### Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Starf Rauða krossins að málefnum barna á stríðshrjáðum svæðum er mannúðarstarf sem skiptir sköpum. Það er helgað börnum sem eiga undir högg að sækja, börnum sem hörð lífsbarátta hefur hrakið úr faðmi fjölskyldu, börnum sem grimmir stríðsherrar hafa alið upp til vopnaburðar. Þau eru varnarlau þegar veggir heimilis hrynja, þegar skjólshúsi fjölskyldu og ættingja er svipt burtu. Þá er starf Rauða krossins og annarra mannúðarsamtaka oft eina hjálpin.

Það er mikilvægt að við Íslendingar göngum til góðs í þágu þessara barna, látum myndarlega að okkur kveða.

Rauði krossinn hefur áður leitað til þjóðarinnar og vakið athygli á brennandi málefnum. Íslendingar hafa brugðist vel við; ungir og aldnir, fyrirtæki og félagasamtök hafa stutt Rauða krossinn til góðra verka.

Safnanir af þessum toga skapa undirstöður brýnna mannúðarverka og eru einnig hollur uppeldisvettvangur, efla áhuga og skilning á vandamálum sem einatt eru býsna fjarri íslenskum veruleika. Þær treysta samhug með þeim sem eiga undir högg að sækja og vekja gleði og stolt þegar fjármunir sem saman safnast eru framar öllum vonum.

Milljónir barna líða dag hvern vegna stríðsátaka einhvers staðar í veröldinni, fjölmörg deyja eða særast, bíða varanlegt tjón á líkama eða sál. Með framlagi til landssöfnunar Rauða krossins gefst tækifæri til að glæða von í brjóstum barna í stríðshrjáðum löndum.

Ég heiti á alla Íslendinga að leggja söfnuninni lið. Göngum saman til góðs.

Ólafur Ragnar Grímsson  
(undirskrift)